

FÉLAGSFRÆÐIRANNSÓKN



Greinargerðin

Þið þurfið að skila texta sem er 3-5 bls. og er niðurstaða rannsóknar ykkar sem á að vera sérstök eða sérstök sýn á viðfangsefni þessi texti liggur til grundvallar málstofu ykkar. **Munið að frumkvæði, frumlegheit eða sérstök sýn á viðfangsefnið mun hækka einkunn ykkar.**

Uppbyggingin er þessi;

- I. Forsíða - hér er möguleiki á frumleika og sköpun en upplýsingarnar sem eiga að koma fram eru: (a) nafn rannsóknarhóps og áfangi, (b) viðfangsefni rannsóknarinnar, (c) að þið séuð í MH og (d) nöfn hópmeðlima.
- II. Inngangur - þar sem þið reifið: (a) hvert viðfangsefni ykkar er, (b) af hverju þið völduð það, (c) hvað er sérstakt við ykkar sýn á þennan jaðarhóp?, (d) hvernig það tengist námsefninu, (e) hvernig samvinnan gekk, (f) hvernig gekk að skrifa dagbókina og (g) hvernig þið nýttuð ykkur dagbækurnar við skrif greinargerðarinnar.
- III. Meginmálið -
 - a. Þið svarið rannsóknarspurningum ykkar (sem verða millifyrirsagnir) á grundvelli gagnanna sem þið öfluðuð og dagbókarfærslunnanna (sjá t.d. dæmi á námsvefnum um hvernig þið nýtið djúpvíðtölin).
Þið eigið að nota a.m.k. þrenn rannsóknar-gögn til að svara hverri rannsóknarspurningu.
 - b. Tölfræðin - Teiknið ykkar eigin gröf.
(Svo ekkert fari nú á milli mála má sjá hvaða kröfur ég geri til framsetningar tölfræðinnar = gröf í kennslubókunum mínum. Í stuttu máli á að merkja báða ása). Fyrir neðan grafið á að koma stuttur texti á mannamáli sem segir hvaða upplýsingar - í aðalatriðum - má lesa út úr grafinu.
 - c. Þið fjallið um þau hugtök úr námsefninu sem þið nýttuð ykkur.
 - d. Viðfangsefnið ykkar í ljósi kenningar úr námsefninu (þær eru 9).

- IV. Lokaorð. Hér greinið þið frá:
- Helstu niðurstöðum úr meginmálinu í stuttu máli.
 - Persónulegar skoðanir ef einhverjar eru.
 - Tillögur til úrbóta á þessu sviði afbrotafræðinnar.
 - Mat á þessu rannsóknarverkefni sem slíku.
- V. Heimildaskrá. Sjá nánar hér fyrir neðan.
- VI. Viðauki, m.a. samráðsfundir (þ.e.a.s. hverjir mættu og hvað var samþykkt) og mat ábyrgðarmanns dagbóka á dagbókarfærslum hópmeðlima.

<p>Munið að frumkvæði og frumleiki hækkar einkunn fyrir þessa greinargerð.</p>		
--------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------

Dæmi um beitingu félagsfræðikenningar

á Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar.

1. Lykilspurningin. Hvaða tilgangi þjónar æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar fyrir einstaklinginn og samfélagið?
2. Hver er yfirlýst virkni æskulýðsstarfs þjóðkirkjunnar?
SVAR = efla samkennd og trúarstyrk
3. Hver er dulin virkni æskulýðsstarfs þjóðkirkjunnar?
SVAR = leggja rækt við helstu gildi samfélagsins og styðja einstakling sem líður illa
4. Hver er skaðvirkni æskulýðsstarfs þjóðkirkjunnar?
SVAR = Það gæti alið á andúð eða fordómum í garð annarra trúarhópa og þar með ýtt undir átök við meðlimi þeirra.

Tilgangurinn

Tilgangurinn með þessu verkefni er í rauninni tvíþættur. Í fyrsta lagi að átta sig á hvað kom raunverulega út úr eigin rannsóknarvinnu OG í öðru lagi að skrifa skýran texta á mannamáli um viðfangsefni félagsfræðinnar.

Þessu skilið þið sem hópur undir heitinu sVerkefni%á námsvefnum.

Munið að merkja það með nafni rannsóknarhóps ykkar (RAN stveir tölustafir%o .

ATH. Ég áskil mér rétt til að geta kallað eftir djúpvíðtölunum og/eða dagbókarfærslunum ef ég tel þess þurfa.

KRÖFUR VEGNA HEIMILDAÖFLUNAR

- (a) Fjöldi heimilda skal vera a.m.k. 8-12 (þ.e.a.s. hver hópmeðlimur útvegar a.m.k. tvær heimildir) auk kennslubókanna (þar sem það á við).
- (b) Skýrslur félagsfræðirannsókna sem tengjast viðfangsefni ykkar.
Ef þið náið ekki í slíkar skýrslur þarf að tala við a.m.k. **tvo sérfræðingar** á sviðinu.
- (c) Aðrar skýrslur þurfa að vera áreiðanlega, s.s. skýrslur frá opinberum aðilum.
- (d) Þær verða að koma frá ólíkum aðilum til að forða því að þær séu *einsleitnar*.
- (e) Þær þurfa að gefa fjölbreytta sýn á viðfangsefni ykkar.
- (f) Þær þurfa að styðja hver aðra.
- (g) Þær þurfa að svara rannsóknarspurningum ykkar en ekki einhverjum öðrum spurningum.
- (h) **ATH. Það þarf a.m.k. þrjár ólíkar heimildir til að svara tiltekinni rannsóknarspurningu**

HEIMILDASKRÁIN – til skýringar!

1. Hafið í huga hvað varðar gæði heimildanna (sbr. mælistikur í **3. kafla Hvernig veit ég að ég veit?**):
 - í **fyrsta lagi** hvort þær séu áreiðanlegar, s.s. **rannsóknarskýrslur og skýrslur frá opinberum aðilum.**
 - í **öðru lagi** hvort þær séu **einsleitnar?**
 - í **þriðja lagi** hvort þær gefi fjölbreytta sýn á viðfangsefni ykkar?
 - í **fjórða lagi** hvort þær styðji hver við aðra?
2. Í anda ER- hefðarinnar þurfið þið það tala við a.m.k. **12 einstaklinga:**
 - (a) sérfræðinga á sviðinu, (b) aðstandendur og (c) þolendur/ gerendur, a.m.k. fjögur djúpviðtöl og helst **jafnt kynjahlutfall**. Hér getið þið nýtt ykkur viðtöl í tímaritum, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Þið gætið nafnleyndar gagnvart þolendum, gerendum og aðstandendum. Ef þessir viðmælendur vilja koma fram undir nafni, geta þeir það að sjálfsögðu. Til að gæta nafnleyndar búið þið til gervinöfn og getið þess við nafnið í heimildaskrá. Síðan vitnið þið í þessi gervinöfn í sviga fyrir aftan texta úr viðtalinu eins og um raunveruleg nöfn væri að ræða. Ef þið þurfið ekki að vitna í einstaka viðmælenda í textanum sjálfum þá setjið þið þá undir viðmælendur og getið um hversu margir þeir eru, kyn, aldur og önnur sérkenni sem skýrir af hverju þið töluðu við þessa einstaklinga en ekki einhverja aðra.
3. Viðtöl við sérfræðinga koma á réttum stað m.t.t. skírnarnafns viðkomandi. Þar kemur fram hvers vegna var leitað til hans, t.d. vegna þess að hann er afbrotافرæðingur eða sérfræðingur á sviði heimilisofbeldis.

Varðandi skráningu einstakra heimilda í heimildaskrána, sjá nánari upplýsingar á kennsluvef í upplýsingalæsi.

Upplýsingar um kröfur málstofunnar verða settar inn á námsvefinn.

Forsenda þess að fá að flytja málstofuverkefnið er að greinargerð ykkar standist þær kröfur sem settar eru fram hér að ofan. Þeir hópar sem ekki flytja málstofuverkefnið vinna einstaklingsverkefni í svinnutímunum það sem eftir er annar.

Veggspjaldið (ef þið fáið að gera það):



Þeir sem ekki gera veggspjald vinna einstaklingsverkefni í svinnutímunum það sem eftir er annar.

René Descartes (1596-1649)

- Að hafa ekkert fyrir satt nema það liggir í augum uppi og kveða ekki á um neitt nema það sem stendur manni svo skýrt og greinilega fyrir hugskotssjónum að maður geti ómögulega borið brögður á það.
- Að sundurgreina sérhvern vanda í eins marga smápætti og unnt er til að ráða betur við hann.
- Að hugsa í réttri röð, það er að segja byrja á einfaldasta þætti vandans, fikra sig svo áfram til hins flóknasta.
- Að sleppa engu og fara yfir alla þætti aftur rækilega til að vera viss um að manni hafi ekki yfirsétt neitt.

Ekki gleyma Búdda		
<i>Ef þú snýrð í rétta átt dugir að halda göngunni áfram!</i>		
<i>Besta byrjunin er að taka eitt skref í einu!</i>		

Gangi ykkur vel ☺